



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Waldorfleikskólinn Sólstafir

2021 – 2022




Stjórnandi: Elín Traustadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Leiðarljós leikskólans	3
Greinargerð leikskólastjóra	5
Innra mat leikskólans.....	8
Innra mat Bjartalands	12
Innra mat - Mánaloft	17
Innra mat Stjörnulofts	23
Innra mat Fiðrildadeildar	30
Innra mat Regnbogadeildar	35
Innra mat sérkennslu.....	47
Innra mat – fjöltyngd börn	48
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	50
Foreldrasamvinna	51
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	53
Fylgigögn.....	55
Fylgiskjal 1	55
Fylgiskjal 2	59
Fylgiskjal 3	60



Leiðarljós leikskólans



Waldorfleikskólinn Sólstafir starfar eftir uppeldis- og kennslufræðum Rudolfs Steiners, sem Waldorf-fræðin eru byggð á. Allt skólastarfið einkennist af sterkum hrynjanda sem fylgir árstíðahringnum okkar (sjá mynd hér að ofan). Segja má að árstíðarhringurinn sé okkar eiginlega skólanámskrá, þó svo að við störfum að sjálfsögðu líka eftir formlegri námskrá.

Hátíðir spila stóran þátt í starfinu hjá okkur. Hver árstíð hverfist um ákveðna hátíð, verk, sögur og söngva. Hver vikudagur hefur ákveðin verk og hádegismat. Það er gott að starfa eftir þessum sterka hrynjanda, endurtekningin veitir börnunum öryggi og þau vita alltaf hvernig dagurinn er uppbyggður.

Grunnþættir Waldorf-uppeldisstefnunnar eru: Sterkur hrynjandi, frjáls leikur, virkjun ímyndunaraflsins, sköpun og gott fordæmi fullorðinna.

Unnið er með náttúrulegan opinn efnivið í því skyni að virkja sköpunarkraft barnanna í leik og starfi. Í leikskólanum er komið fram við barnið af virðingu og lagður grunnur að góðri félagsfærni. Skapaðar eru aðstæður til þess að barnið fái að vaxa og það geti notið sín í leik og starfi í hlýju og kærleiksríku umhverfi. Við lítum svo á að foreldrar séu mikilvægur þáttur í góðu og farsælu leikskólastarfi og leggjum rækt við það.

Steiner sagði m.a. að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir og því ætti ekki að hefja formlega kennslu heldur efla börnin í leik og að kenna þeim í gegnum leik. Hann lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur. Á þessum áherslum byggjum við m.a. starfið hjá okkur.

Tilgangi og markmiði Waldorf leikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Að veita nemendum góða alhliða menntun.
2. Að hlúa að heilbrigðum þroska nemenda.
3. Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.
4. Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
5. Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við lífssýn þeirra



Greinargerð leikskólastjóra

Þrátt fyrir COVID-19 samkomutakmarkanir hefur verið mikill metnaður í starfinu í vetur. Við erum með öflugan hóp leiðtoga sem leiða starfið á deildunum. Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í vetur. En nokkuð hefur verið um langtíma veikindi sem hefur þýngt álagið á aðra starfsmenn.

Starfsmannahópurinn samanstendur af:

- Sjö starfsmenn eru leik eða grunnskólakennarar.
- Fjórir starfsmenn eru með aðra háskólamenntun.
- Sjö með stúdentspróf eða aðra menntun.
- Sjö starfsmenn ófaglærðir.
- Einn starfsmaður er í fæðingarorlofi.
 - Tveir í viðbót munu fara í fæðingarorlof á næsta skólaári.
- Tveir sumarstarfsmenn.

Fimm deildir eru á leikskólanum með 79 börnum. Á tveimur deildum eru sextán börn, á tveimur deildum eru fimmtán börn og á einni deildinni eru sautján börn. Á yngstu þremur deildunum eru fjórir starfsmenn en tveimur elstu deildunum eru þrír starfsmenn. Starfsmaður sem kominn er á eftirlaun kemur daglega hluta úr ári og leysir af í mat.

Barnahópurinn samanstendur af 44 strákum og 35 stelpum. 25 börn eru tvítyngd.

Deildarstjórar ásamt stjórnanda eru með samráðsfund einu sinni í viku. Á þeim er m.a. farið yfir hvað er framundan, dagskrá starfsmannafundanna, ýmis skipulagsmál og málefni tengd börnunum.



Við höfum saknað þess að geta ekki verið með eins öflugt foreldrasamstarf í vetur vegna samkomutakmarkanna. Það hefur m.a. orðið til þess að foreldrar hafi ekki getað tekið þátt í hátíðunum okkar en þær eru eitt af því sem einkennir foreldrasamstarfið hjá okkur. Til að veita foreldrum innsýn í starfið hafa kennarar verið duglegir að skrifa fréttabréf og taka myndir sem þeir setja inn á lokaða facebook síðu deildanna.

Í haust var ráðinn inn mannauðsráðgjafi í hlutastarf hjá okkur. Farið var í að gera nýja ráðningarsamninga við allt starfsfólk leikskólans. Starfsmannalýðræði og samvinna er mikilvæg undirstaða í starfi waldorf hugmyndafræðinnar. Í ráðningarsamningnum er gert ráð fyrir starfsmannafundum á þriggja vikna fresti frá kl. 17:00 – 19:00 fyrir þá fær starfsfólk greiddar 2,5 klst. í yfirvinnu. Starfsmannafundirnir eru byggðir upp sem bæði fræðslu og upplýsingafundir. Í upphafi er klukkutíma sameiginlegur fundur með öllu starfsfólkinu. Boðið er upp á léttar veitingar, lesið Steiners vers og síðan er waldorf fræðsla. Um hana sjá m.a. reynslumiklir waldorf uppeldismenntaðir starfsmenn sem starfa við leikskólann og einnig utanaðkomandi aðilar. Að því loknu er hver deild með deildarfund í eina klukkustund.

Sú nýbreytni var tekin upp í haust að á meðan nýir starfsmenn eru á reynslutíma mun stjórnandi hitta þá í spjalli tvisvar til þrisvar yfir tímabilið. Farið verður m.a. yfir hvernig starfsmanni líði í starfi og hvort hann sjái fyrir sér að starfa áfram við leikskólann?

Töluverð veikindi hafa verið í starfsmannahópnum. Vegna þess var gerður samningur við Vinnuvernd í haust. Ákveðið var að fara þá leið til að halda utan um veikindi starfsmanna og vinna faglega að úrbótum vegna þeirra.



Fyrir áramót var útbúin ný starfsmannahandbók. Í henni er farið bæði yfir réttindi og skyldur starfsmanna. Litið er svo á að starfsmannahandbókin verði lifandi plagg sem bætt verði inn í nýjum atriðum eftir þörfum og önnur tekin út sem eiga ekki lengur við.

Mikil vinna fór í að móta og útfæra styttingu vinnuvikunnar. Tveir starfsmenn annar frá Eflingu og hinn frá Kí ásamt stjórnanda unnu þá vinnu. Á starfsmannafundi í nóvember voru kynntar nokkrar útfærslur. Af þeim voru valdar tvær sem kosið var um. Kosning fór fram 15. og 16. desember 2020

Leið 1

Óbreyttur vinnutími en klst. hádegishlé á forræði starfsmanns

25 mínúturnar sem áður voru undirbúningstími verður hér að styttingunni. Starfsmanni er heimilt að fara af vinnustað og ráðstafa klst. fyrir sig.

Leið 2

65 mínútur einu sinni í viku

65 mínútur eru miðaðar við 100 % vinnu. Starfsmaður velur sér hvaða dag vikunnar hann vill taka út styttinguna. Starfsmaður getur tekið styttinguna í byrjun eða lok dags.

Hver deild útfærir styttinguna hjá sér. Tekið verður tillit ef stytting lendir á frídögum.

23 voru á kjörskrá og var 100% kosningaþátttaka.

14 kusu leið 1 eða 61%

Óbreyttur vinnutími en klst. hádegishlé á forræði starfsmanns

25 mínútur sem áður voru undirbúningstími verður hér að styttingunni.

Starfsmanni er heimilt að fara af vinnustað og ráðstafa klst. fyrir sig.

9 kusu leið 2 eða 39 %

Fram að þessu hafa elstu börnin í leikskólanum hætt hjá okkur þegar sumarfríið hefst.

Sú nýbreytni verður tekin upp eftir sumarfrí að útiskóli verður frá 4. – 20. ágúst fyrir elstu börnin í leikskólanum sem munu fara í waldorf grunnskólann. Einn starfsmaður í leikskólanum og einn starfsmaður í grunnskólanum, sem hafa skipulagt sumarskólann. Skemmtileg dagskrá verður í boði fyrir börnin sem byggir á ferðum út í náttúruna eða á söfn, inni og útileikjum og ýmsu öðru áhugaverðu.

Innra mat leikskólans

Viðhorfsskönnun foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar var gerð í leikskólanum hjá okkur í vor. Visar rannsóknir ehf. sá um útsendingu og gagnaöflun en undirbúningur og vinnsla könnunarinnar var í höndum Skóla- og frístundasviðs. Könnunin fór fram í mars og apríl 2021 og var framkvæmd rafrænt. Svarhlutfall hjá okkur var 80,6%. Fengum við yfir fjóra af fimm möguleikum á öllum sviðum sem spurt var um, nema varðandi foreldrasamvinnu, sem kom okkur ekki á óvart. En eins og gefur að skilja hefur verið mjög erfitt að halda úti foreldrastarfi. Til að fá foreldra nær okkur héldu allar deildir úti öflugum facebooksíðum með myndum og upplýsingum úr starfinu. Einnig sendum við út live frá ákveðnum viðburðum í leikskólanum. Strax næsta haust er áætlað að fara aftur af stað með öflugt foreldrasamstarf. Því eitt af því sem waldorfstefnan stendur fyrir er gott foreldrasamstarf



Lýðræðisleg vinnubrögð eru í forgrunni við innra mat á leikskólanum eins og kemur fram í aðalnámskrá leikskólans. Innra matið fer m.a. fram á deildarfundum og er tekið tillit til sjónarmiða allra þeirra sem að starfinu koma; leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna.

Stjórn leikskólans fundar með stjórn skólans vikulega. Farið er yfir þau mál sem liggja fyrir og eru atburðir og starfshættir endurmetnir reglulega.

Þeir aðilar sem einnig taka þátt í ytra matinu eru:

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar gerði úttekt. Komu fram nokkrar athugasemdir varðandi útisvæðið.
 - Strax var brugðist við þeim.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gerði úttekt án athugasemda.

Innra mat

Veturinn 2021 – 2022 verður áhersla á:

- Foreldrasamstarf.
- Foreldrahandbók.
- Starfsmannastefnu leikskólans

Stjórn leikskólans ásamt stjórnanda ber ábyrgð á innra mati leikskólans. Stuðst er m.a. við símat. Starfið er metið á vikulegum stjórnar- og deildarstjórafundum auk starfsmannafunda sem eru á þriggja vikna fresti. Allir starfsmenn taka þátt í matinu og ber stjórnandi ábyrgð á að því sé framfylgt.

Eins og áður er komið fram var niðurstaða í viðhorfskönnun foreldra sem var framkvæmd 2021 að bæta mætti foreldrasamvinnu. En eins og gefur að skilja

var mjög lítið um foreldrasamstarf vegna COVID-19. síðasta eina og hálfa árið. Við munum bregðast við þessum niðurstöðum.

Hugmyndafræði waldorf byggir m.a. á öflugri foreldrasamvinnu sem við viljum endurvekja um leið og samkomutakmarkanir leyfa.

Þegar við sáum smugu snemma í vor boðuðum við til sumarhátíðar og vinnudags. Hann tókst það vel að ákveðið var að hafa annan vinnudag strax að hausti.

Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna var haldin í fyrsta skipti 2020, tókst hann það vel að ákveðið var að halda hann árlega. Um miðjan júní buðum við nýjum foreldrum á fund. Á honum verður farið yfir fyrir hvað waldorfstefnan stendur, lykilstarfsmenn deildanna kynntir og farið yfir aðra nauðsynlega hluti sem snúa að leikskólastarfinu. Foreldrum var boðið inn á deild barnanna og gátu þeir spjallað við kennara barnsins.

Sú nýbreytni verður tekin upp á starfsdegi eftir sumarfrí að bjóða foreldrum og börnum sem byrja byrja hjá okkur í haust í klukkustundar heimsókn á deildina sem barnið á að byrja á. Markmiðið með því er að mynda strax góð tengsl á milli heimilis og leikskóla og gera aðlögunina auðveldari fyrir barnið.

Basarvinna hefur verið mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Basarkvöld munu verða endurvakin í haust. Sú nýbreytni verður tekin upp að þetta verða bæði fræðslu og vinnukvöld fyrir foreldra. Fjögur til fimm basarkvöld verða haldin frá hausti og fram að basar, sem fram fer í byrjun nóvember. Basarkvöldin eru mikilvægur vettvangur fyrir foreldra að hittast, kynnast, fræðast og vinna handverk.

Stjórnandi ásamt þremur starfsmönnum og tveimur foreldrum bera ábyrgð á vinnunni.

Foreldrahandbókin þarfnast endurnýjunar. Á að fara í þá vinnu á haustönn og ljúka henni í janúar. Stjórnandi mun skrifa innganginn og hver deildarstjóri skrifar kafla fyrir sína deild.

Í handbókinni verður farið yfir:

- Flæðið.
 - Yfir daginn vikuna og árið.
- Matinn.
- Verk dagsins.
- Barnaskoðun. (Sjá fylgiskjal)
- Stefnuna.
- Hvað þarf að vera í hólfi barnsins.
- Hátíðir.
- Foreldrasamstarf.

Stjórnandi ásamt deildarstjórum ber ábyrgð á vinnunni.

Vinna við gerð starfsmannastefnu leikskólans mun fara af stað í október.

Mannauðsráðgjafi, stjórn leikskólans ásamt stjórnanda munu sjá um þá vinnu.

Mannauðsráðgjafi ásamt stjórnanda munu bera ábyrgð á vinnunni.

Áætluð verklok eru í lok eru í byrjun desember 2021.

Innra mat Bjartalands



Starfið á Bjartalandi byggir á hugmyndafræði Rudolfs Steiners sem þróaði þennan skóla í kringum 1920. Hann vildi koma börnum frá því að vera „litlir fullorðnir einstaklingar

í það að vera börn“. Það var algengt á

þessum árum að börn voru látin byrja að vinna ung og sinna ábyrðarfullu lífi.

Við vinnum aðalega út frá hrynjandanum sem er svo mikil gjöf fyrir börnin. Það er dagshrynjandi, vikuhrynjandi og svo árshrynjandi. Hugmynd af því er að skapa ramma fyrir börnin svo ekkert komi þeim á óvart. Þau verða róleg og geta einbeitt sér betur af því sem þau eru best í, að leika sér.

Daglegar athafnir eins og t.d sögustund og morgunhringur skapa dagshrynjandann. Vikan hefur sinn hrynjanda sem er t.d bakstur á fimmtudögum og árstíðabundið föndur á föstudögum o.s.fr.v. og árshrynjandinn markast af hinum árstíðabundnu hátíðum sem eru í hávegum hafðar í leiksólanum.

Á hverjum degi skapast rými fyrir bæði inni og útiveru, það sem við köllum innöndun og útöndun. Innöndunin eru verkefni sem kennarinn stýrir sem er hugsað sem upplifun fyrir barnið t.d söngvar og ævintýri.

Útöndunin er svo aftur þær stundir sem barnið ræður sjálft ferðinni og vinnur út frá þeim áhrifum sem það hefur orðið fyrir t.d að leika söguna sem var í sögustund og svo auðvita frjálsi leikurinn sem er þungamiðjan í deginum okkar því þar nær barnið að þroska hreyfingu, líkamsmeðvitund, félags og málþroska, skapandi hugsun og ímyndunaraflið.

Á Bjartalandi hafa verið fjórir starfsmenn og sextán börn á aldrinum átján mánaða til tveggja ára. Það hefur verið lítil starfsmannavelta. Deildarstjóri fór af deild í endan maí til að sinna skrifstofuvinnslu og inn komu tveir starfsmenn. Starfið hefur gengið ótrúlega vel þrátt fyrir þær hindranir sem við höfum staðið frammi fyrir vegna samkomutakmarkanna og hefur okkur tekist að skapa gott traust samband á milli starfsfólks og foreldra með góðum samskiptum.

Tækifæri til umbóta á Bjartalandi

Aðlögun, starf inná deild, samvinna, verkefnastjórnun, foreldrasamstarf, að bæta útisvæðið fyrir yngstu börnin, fræðsla.

Aðgerðir til umbóta

Aðlögun

Aðlögunin í fyrrahaust var strembin vegna tíma sem fór í hana og hugmynd er að breyta henni.

Í fyrra var aðlögunin þannig að við tókum inn tvö til þrjú börn í viku og svo næsta hóp í vikunni eftir sem gerði það að verkum að aðlögunin tók langan tíma í heildina og börnin fengu lítinn tíma til að aðlagast áður en ný börn voru tekin inn.

Annað form á aðlögun er td. tveir hópar átta börn í hvorum hóp með viku jafnvel tveggja vikna millibili. Sem gerir það að verkum að sem flest börnin eru á sama stað s.s upplifunin er sú sama.

Starf inn á deild

Starfið hefur gengið vel í vetur og okkur hefur gengið vel að halda góðum hrynjanda, börnin sem byrjuðu í haust voru öll á mjög sviðuðum aldri og höfðu sömu þarfir, svo auðvelt var að skapa góða ró og einn hrynjanda sem passaði öllum.

Við ákváðum að taka út hörð leikföng og hafa færri leikföng og mýkri. Við erum með kubba og lestar sem eru í boði á vissum tímum.

Samvinna

Sammvinna hefur gengið mjög vel á Bjartalandi í vetur og höfum við deilt undirbúningstíma jafnt á milli starfsmanna til þess að allir fái rými til að leysa þau verkefni vel sem ákveðin voru á starfsmannafundi. Hugmyndin var að verkefnaskipting væri jöfn og allir hefðu yfirsýn og finndu til jafnrar ábyrgðar.

Þetta gekk vonum framar og vonandi er þetta form komið til að vera.

Verkefnastjórnun

Að það sé skipt niður verkefnum á fyrsta starfsmannafundi á önninni og verkefnum útdeilt þannig að hver og einn geti haldið utan um sín verkefni.



Foreldrasamstarf

Bæta rækilega úr því eftir covid með samveru og beinu spjalli. Þjóða foreldra velkomna áður en leikskólinn hefst með útileikjum og hittingum á útisvæði leikskólans.

Hugmynd er um að hittast og leika saman á útisvæði leikskólans í sumar og bjóða nýjum foreldrum að koma.

Foreldrahittingur fyrir nýja foreldra að vori til að hitta deildarstjóra og fá góða kynningu á starfinu okkar.

Hugmynd er að taka klukkustund af starfsdegi haustsins til að bjóða foreldrum inná deild barna sinna og hitta starfsfólk og deildarstjóra í léttu spjalli.

Ábyrgð

Ábyrgðarhlutverkunum inni á deild hefur verið deilt jafnt niður á alla starfsmenn. Allir hafa sitt hlutverk sem þarf að sinna frá byrjun til enda.

Allir beri jafna ábyrgð á sínu sviði, á þeim verkefnum sem deilast á fyrsta fundi annarinnar.

Útisvæði fyrir yngstu börnin

Verið er að vinna í því að gera girðingu á útisvæðinu okkar sem er ætluð yngstu börnunum. Hugmyndin er að þau fá sitt eigið pláss til að leika í öruggu umhverfi með öruggann ramma utan um sig. Við ætlum að gera girðingu sem afmarkar útisvæðið þeirra og inn í henni verður leikhús og sandkassi Búið er að safna fyrir því með blómasölu á sumarahátíð leikskólans núna í vor.



Hefst

Haust 2021

Lokið

Vor 2022

Börnin

Við skoðum börnin á hverju ári með barnaathugun. Hún fer þannig fram að starfsmenn á deildinni skoða hvert og eitt barn á óhlutdrægan hátt í samstarfi við foreldra. Þannig fáum við víðtækari sýn á barnið. Vð notumst við staðlað form sem unnið er með (sjá í fylgiskjali) í öllum waldorfleikskólum.

Viðmið um árangur

Börn

Að hvert barn sé séð eins og það er og njóti sín í leikskólanum.

Starfsmenn

Að starfsfólk blómstri í starfi og með því að allir taki ábyrgð og leysi verkefni í sátt, gerum þetta að okkar leikskóla þar sem allir starfsmenn eru jafn þarfir. Þannig náum við að vera sem besta fyrirmyndin fyrir börnin og börnunum líður vel í okkar umsjón og nái að hvíla vel í öryggi okkar.



Innra mat - Mánaloft

Á Mánalofti eru fjórir starfsmenn og sextán börn fædd 2018. Nýr deildarstjóri tók við deildarstjórn í ágúst 2020.

Í waldorfstefnunni er lögð rík áhersla á að skapa fallegt og öruggt umhverfi fyrir börnin, svo að þau geti upplifað frelsi og tjáð sig í gegnum fjálfa leikinn.

1. Skipulag/hrynjandi

Hrynjandinn er mikilvægur partur í dagsdaglega starfinu hjá okkur. Hann fylgir deginum, vikunni og árinu.

Á Mánalofti þurftum við að endurskoða skipulag deildarinnar út frá aldri barnana. En hann hafði breyst frá því í fyrra, nú eru börnin árinu yngri en þá voru.

Á deildafundum hefur nýi hrynjandinn þróast og gengur mjög vel upp. Allir starfsmenn á deildinni hafa komið að þeirri vinnu.

Til að efla áhuga og frumkvæði starfsfólks var ábyrgð og verkefnum deilt á milli starfsmanna. Allir starfsmenn á deildinni sinna ákveðnum verkefnum og nýta undirbúningstímann sem þeir eiga rétt á.



Vikuhrynjandinn – vinnustund - verk dagsins

Mánudagur: Mála.

Þriðjudagur: Handverk.

Miðvikudagur: Ævintýri: gönguferð, byrjum daginn úti frá kl 9 (tónlist verður þegar inn er komið, eða í gönguferð) .

Fimmtudagur: Baka

Föstudagur: Útivera, við byrjum dagana úti frá kl 9 þrífín verða í boði í vinnustund/frjálsa tímanum .

Hrynjandi

8:00	leikskólinn opnar.
8:15-9:15	morgunhressing/fjráls leikur.
9:30-10:00	morgunhringur.
10:00-10:50	vinnustund/klósett.
11:00-11:40	hádegismatur
11:50-12:00	sögustund/vísa .
12:00-14:00	rólegur leikur .
14:30-15:00	síðdegishressing .
15:00-17:00	útivera/börnín sótt .



Útivera : Við förum út tvisvar á dag í öllum veðrum, en beytum að sjálfssögðu skynsemi. Yfir köldustu mánuðina förum við út einu sinni á dag.



Tækifæri - tillögur til umbóta

- Markmið næsta skólaárs er að halda áfram góðum hrynjanda. Við stefnum að áframhaldandi góðum samskiptum milli starfsfólks og viljum að allir upplifi sig mikilvæga á deildinni.
- Töluvert af 2019 börnum eru að byrja í haust og verða börnin á Mána – og Stjörnulofti á svipuðum aldri. Þessvegna ætlum við að auka samvinnuna á milli deildanna.
- Einnig ætlum við að fara yfir leikföng og bæta inn fallegum waldorfleikföngum sem hæfa aldri barnanna.

Ábyrgð

Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar.

Tími: Allt árið.

Metið

Á deildafundum verður reglulega metið hvernig skipulagið gengur upp. Á sameiginlegum fundum með hinum deildum munum við meta hvað gengur vel og hvað má bæta.

2. Vinna með fjöltyngi

Styrkleikar

Á deildinni eru bæði mörg tví- og fjöltyngd börn og starfsmenn. Við leggjum áherslu á íslenskukennslu og sérkennslu í gegnum leik og söngva.

Á deildinni erum við dugleg að nýta okkur auðlindina sem tvítyngdu starfsmennirnir okkar koma með inn í starfið. Við fengum námskeið til okkar frá MML um fjöltyngi sem var mjög gagnlegt fyrir okkur. Við syngjum gjarnan á íslensku og ensku.

Fyrir okkur skiptir mestu að börnin finni fyrir öryggi og hlýju. Við nýtum t.d. tímann milli hvíldar og útiveru gjarnan í spil, söng og aðra málörvun.

Tækifæri umbóta

Örva málþroska og orðaforða tvítyngdra barna.

Hver starfsmaður gefur ákveðnu barni 5- 10 mínútur á dag þar sem hann einblínir á íslensku og orðaforða, sama hvort það er í gegnum leik, lestur, sögur eða önnur verkefni.



Með því að hver starfsmaður sinni þessum 10 mínútum með barninu mun barnið fá 40 mínútna málörvun á hverjum degi

Ábyrgð

Allt starfsfólk á deildinni.

Tími: Allt árið.

Metið

Framfarir barnanna metnar á deildarfundum.

3. Foreldrasamstarf

Styrkleikar

Í Waldorffuppeldisfræði leggjum við áherslu á góð samskipti við foreldra. Þeir taka þátt í vinnudögum, basarvinnu og nokkrum hátíðum (Sjá dagskrá Sólstafa).

Vegna covid-19 samkomutakmarkanna var bein tenging á milli heimilis og skóla takmörkuð. Til að halda foreldrum upplýstum var lögð áhersla á senda út mánaðarlega greinargott fréttabréf um það sem verið var að vinna á deildinni auk sögu og söngtexta mánaðarins. Einnig kemur þar fram það sem er framundan í leikskólanum og praktískar upplýsingar.

Stofnaður var facebook hópur fyrir foreldra þar sem myndir úr hverdagsleikanum hjá okkur eru settar inn og fá foreldrar þannig innsýn í starfið okkar.

Ábyrð

Deildastjóri og tveir starfsmenn.



Tækifæri og tillögur til umbóta

Við viljum bæta okkur í að uppfæra facebooksiðuna oft og stefnum á að setja inn myndir frá vikunni í lok hverrar viku.

Einnig vonum við að COVID-19 takmarkarnir leyfi foreldrum flótlega aftur að taka virkan þátt í starfinu með okkur. Þá bíða okkar aftur fleiri tækifæri fyrir öflugum foreldrasamstarfi.

Metið

Á deildafundum og í niðurstöðum úr foreldrarkönnun.



Innra mat Stjörnulofts

Á Stjörnulofti eru fimmtán börn fædd 2016-2018. Starfsmenn deildarinnar eru fjórir.

Dagshrynjandin hjá Stjörnulofti, rýnt inn í starfið í gegnum daginn.



Á hverjum degi fer starf Stjörnulofts gegnum sama hrynjanda. Hrynjandinn er þannig byggður upp að innan hans fái börnin svokallaða innöndun og útöndun. Skipulagt starf eins og morgunhringur, vinnustund, sögustund og matmálstímar er innöndun, rólegri stund og meiri rammi. *“Frjálsi leikurinn og útiveran er svo útöndunin, börnin fá meira frelsi og frjálsari ramma. Til að skapa gott jafnvægi er höfð inn- og útöndun til skiptis í gegnum daginn”.*

Morgunhringur

Börn og starfsmenn sitja saman í hring í upphafi dags, við syngjum sömu lögin mánuð í senn. Lögin sem verða fyrir valinu tengjast ýmist árstíðum eða hátíðum þess mánaðar. Upphaf og endir morgunhringsins er alltaf sá sami. Í upphafi er sungið lag þar sem hvert barn er nefnt með nafni og því er boðið góðan daginn. Í lok morgunhrings förum við með waldorf vers, höldumst í hendur og minnum okkur á að vera góð hvort við annað.

Vinnustund og morgunhressing

Leikskólinn býður ekki upp á morgunmat og borða börnin morgunmat heima áður en þau mæta í leikskólann. Þau börn sem vilja geta svo fengið morgunhressingu hjá okkur eftir morgunhring en þá er boðið upp á hrískex eða brauð með smjöri, ávexti og vatn. Börnin fara í vinnustund mest átta í senn, en fjöldi barna við vinnu-borðið fer eftir viðfangsefni. Frá kl. 9:30 – 10:30 eru börnin því ýmist að fá sér hressingu, í vinnustund eða frjálsum leik.

Vinnustund fylgir eftirfarandi viku-hrynjanda:

Mánudagur - Vatnslitamálning

Þriðjudagur - Vettvangsferð

Miðvikudagur - Föndur/handavinna

Fimmtudagur - Bakstur/leir

Föstudagur - Beewax fyrir hádegi, þrif eftir hádegi.

Útivera

Í útiverunni er frjáls leikur þar sem börnin finna sér ýmislegt að gera. Starfsfólk er virkt að sinna ýmsum störfum t.d sópa, huga að trjám og plöntum í garðinum, pússa trékubba, tálga o.s.frv. Börnin eru þá velkomnir þátttakendur jafnhliða því að starfsmenn eru börnunum sem jákvæð vinnandi fyrirmynd.



Einnig taka starfsmenn virkan þátt í að bæta útisvæðið, finna nýjar leiðir til að gera umhverfið sem mest spennandi og fallegast fyrir börnin. Í samstarfi við foreldra eru skipulagðir vinnudagar þar sem foreldrar og starfsmenn taka höndum saman í uppbyggingu útisvæðisins.

Stefnt er að því að börnin fari út bæði fyrir og eftir hádegi daglega en við teljum útiveru vera mjög mikilvæga fyrir börnin bæði fyrir sál og líkama. Ef veður er mjög slæmt gerum við stundum undantekningu á því, alltaf er hugað að því hvað sé börnunum fyrir bestu hverju sinni. Einnig er vettvangsferð skipulögð á hverjum þriðjudegi þar sem við förum í bæði stuttar og lengri ferðir og þar er skógurinn í Öskjuhlíðinni í miklu upphaldi.



Hádegismatur og sögustund

Kl. 11:45 koma börnin inn úr útiveru, hádegismatur er frá 12-12:30. Að hádegismatnum loknum göngum við saman frá og börnunum er boðið í sögustund. Hver saga er sögð viku í senn og sagan passar við árstíðina eða hátíðir sem eru í gangi hverju sinni. Einnig er sögustundin nýtt til að fjalla um ýmsar félagslegar aðstæður sem börnin eru að kljást við eða atvik sem hafa átt sér stað sem gott er að spegla sig í gegnum söguna. Sagan getur þannig stutt

börnin í að leysa úr smávægilegum ágreiningnum. Sögustund er einnig góð málörvun, gefur börnunum tækifæri á rólegri gæðastund og veitir þeim innblástur inn í frjálsa leikinn.

Frjáls leikur

Bæði í upphafi dags fyrir morgunhring og svo í lok dags eftir sögustund fara börnin í frjálsan leik ýmist inni á deild eða á útisvæði ef veður leyfir. Á þessum tíma fer mikilvægasta nám barnanna fram, en þá



eru þau að æfa sig í samskiptum sín á milli, æfa gróf og fínhyrtingar í leiknum og ímyndunaraflíð tekur völdin. Innan Waldorf stefnunnar er frjáls leikur virkilega mikilvægur og starfsfólk er meðvitað um að vera vinnandi fyrirmyndir

Breytingar og úrbætur 2020-2021

Þegar litið er til starfsins á Stjörnuloft frá því í fyrra hefur ýmislegt breyst. Nokkur breyting hefur verið á starfsmannahópnum frá haustinu 2020.

Með þeim breytingum kemur inn ný sýn, ein af þeim breytingum sem við höfum gert frá því í fyrra haust er til dæmis fyrirkomulagið á morgunhressingu og vinnustund. Í lok síðasta árs var fyrirkomulagið þannig að fyrst fóru allir í vinnustund frá 9:30 – 10:00 og svo fengu allir sér hressingu frá rúmlega 10:00. Þar sem morgunhressing er val en ekki skylda og erfitt reynist að hafa öll

fimmtán börnin í vinnustund í einu, aðstoða alla og hafa bara 30 mínútur í vinnustundina hentaði það okkur alls ekki, það olli stressi og álagi bæði á börnum og kennurum að halda sér innan tímarammans og því höfum við ákveðið að bjóða upp á meira flæði á þessum tíma frá 9:30-10:30 þar sem drekkutíminn er á öðru borðinu og vinnustund á hinu. Þannig hafa börnin meiri tíma til að taka þátt í vinnustundinni ef þau vilja, þau sem eru ekki svöng geta nýtt tímann í frjálsan leik eða vinnustund og þau sem vilja borða í rólegheitum hafa betri kost á því. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að takmarka fjölda barna hverju sinni í vinnustundinni svo kennarinn hefur meiri tök á að aðstoða hvert barn og veita öllum börnunum þá athygli sem þau þurfa. Það hefur reynst okkur mjög vel, starfsmenn og börn hafa fundið fyrir minna stressi, tímaramminn er mun opnari og börnin hafa gefið sér meiri tíma í vinnustundina en áður var.

Foreldrasamstarf

Í umbóta áætlun í fyrra var stefnt á að skrifa fréttabréf í lok hverrar viku. Við höfum breytt því yfir í mánaðarlegt fréttabréf en deildastjóri er mjög meðvitaður um að senda út tölvupósta og skrifa inn á lokaðan Facebook hóp foreldra ef mikilvægar fréttir þurfa að berast til þeirra fyrir mánaðarmót. Í Mánaðarlega fréttabréfinu er sagt frá liðnum mánuði ásamt því að fjallað er um það sem fram undan er í komandi mánuði.

Þar sem strangar samkomutakmarkanir hafa verið í gildi síðastliðna árið höfum við nýtt samfélagsmiðilinn Facebook til að deila myndum og myndböndum frá starfinu okkar með foreldrum barnanna. Því er deilt inn á lokaðan Facebook hóp þar sem eingöngu foreldrar barna á Stjörnulofti eru. Slíkur hópur er ekki stofnaður fyrr en allir foreldrar eru búnir að skrifa undir leyfi fyrir að deila myndefni af börnunum þeirra inná þann hóp. Einn



starfsmaður deildarinnar sér mestmegnis um að safna myndefni og deila því svo í lok vikunnar, foreldrar hafa verið mjög ánægðir með það fyrirkomulag þar sem þetta veitir þeim betra innsýn inn í starfið okkar sem reyndist erfitt áður þar sem foreldrar hafa ekki mátt koma inn í húsnæði leikskólans lengi. Þetta hefur aukið ánægju foreldra og almenn foreldrasamskipti og upplýsingaflæði til foreldra. Stefnt er að því að halda áfram að veita foreldrum þessa innsýn inn í starfið eftir að samkomutakmarkanir verða auknar..

Skipulag

Skipulag innan deildar hefur verið mikið í þróun en nú er gott skipulag komið á sem hentar vel bæði starfsmönnum og börnum. Þó hefur skipulag hvað varðar hátíðisdaga verið ábótavant þá aðallega hvað varðar tímaramma, en skipulag hefst gjarnan í seinna lagi sem skapar gjarnan streitu. Þetta er deildarstjóri meðvitaður um og mun gera betur næsta skólaár. Ein leið að því er að fara yfir dagatal leikskólans með starfsmönnum deildarinnar á starfsdeginum í ágúst þar sem hátíðirnar eru ræddar og farið yfir dagsetningar, ef áhugi er fyrir því innan starfsmannahópsins munum við deila með okkur verkefnum fyrir hátíðirnar svo allt gangi vel fyrir sig og álag sé sem minnst á hverjum og einum. Sama á við um almennt skipulag innan deildar til dæmis hvað varðar vinnustundir, sögustundir og annað skipulagt starf. Deildastjóri hefur hingað til tekið mestu ábyrgðina á öllu skipulögðu starfi og vill deila þeirri ábyrgð með starfsfólki deildarinnar til að virkja þátttöku allra í starfinu og nýta hæfileika hvers og eins.



Heildar markmið Stjörnulofts fyrir næsta skólaár

Að innan deildarinnar ríki gott jafnvægi milli starfsfólks og barna, að starfsfólk fái gott tækifæri til að nýta krafta sína innan dagshrynjandina og börnin finni fyrir öryggi til að láta ljós sitt skína.

Að samskipti milli starfsfólks bæði innan deildar og á milli deilda sé gott og unnið sé vel saman. Að starfsmenn deildarinnar fái rými til að fræða sig betur um Waldorf stefnuna og þannig fá betri innsýn og skilning á starfinu

Að auka fjölmennningar-umfjöllun innan deildarinnar þar sem starfsmenn kenna börnunum söngva og segja sögur frá ýmsum löndum, þá helst þeim löndum sem tvítyngd börn og starfsmenn deildarinnar og fjölskyldur þeirra koma frá.

Hvernig er unnið að þeim markmiðum

Þriðja hverja viku er haldinn starfsmannafundur og deildarfundur. Á deildarfundinum munu starfsmenn deildarinnar ræða komandi hátíðir sem þarf að undirbúa og deila verkefnum á milli starfsfólks ásamt því að deildastjóri mun verða starfsfólki út um fræðslu sem starfsfólk getur svo nýtt undirbúningstíma sinn til að lesa.

Einnig virkja fjöltyngda starfsmenn deildarinnar til að skipuleggja söngva og sögur frá þeirra heimalandi og þeim löndum sem tvítyngd börn deildarinnar og/eða fjölskyldur þeirra koma frá og skipuleggja foreldrasamstarf tvítyngdra barna fyrir það verkefni.

Þannig mun deildastjóri hvetja starfsfólk deildarinnar til að taka virkan þátt og finna sinn takt í starfinu. Finna fyrir meira öryggi í sínu hlutverki sem leikskólaleiðbeinendur og leikskólakennarar, þannig að allir geti notið sín í starfi og börnin fái sem mest út deginum með okkur.

Innra mat Fiðrildadeildar

Á Fiðrildadeild starfa þrír starfsmenn í 100% starfi, pláss er fyrir sextán börn. Börnin á deildinni eru fædd 2016. Við erum við hliðina á Stjörnulofti það er mikið samstarf á milli okkar. Við deilum inngangi og erum í raun og veru eitt hólf. Á Fiðrildadeild er sterkur hrynjandi og viljum við hafa gott skipulag og flæði í daglega starfinu.

Við hugsum alltaf um að hafa jafnvægi milli verkefna og ró í daglegu lífi eins og andardrættinum (anda inn og anda út). Í námskránni okkar er náttúrunni fléttað inn í starfið í gegnum sögur, söngva og föndur. Waldorfstefnan er okkar leiðarljós og viljum við vera trú og uppfylla uppeldisstefnuna sem foreldrar eru að sækjast eftir. Við leggjum mesta áherslu á að vera börnunum góð fyrirmynd þar sem börnin læra mest með því að herma eftir. Starfsmenn nota undirbúningstímann meðal annars til að auka fræðslu við sig og eiga í samtali um Waldorf uppeldisfræði.

Við erum mikið úti og vikulega förum við í vettvangsferðir út í náttúruna, róló og á menningartengda viðburði eins og t.d. söfn.



Við vorum með mörg atriði á umbótaráætlun okkar. Lifandi matjurtagarður var einn af aðal punktum og var markmiðið að hafa góð uppskeru. Það tókst

mjög vel og gátum við haldið uppskeruhátið og borðað heimaræktað grænmeti. Í vor byrjuðum við strax að sá út fræjum og settum út plöntur í lok maí. Vonum við að uppskera í haust verði með svipuðu móti og í fyrra.

Útisvæðið hjá okkur var mjög einfalt og hrátt. Eitt af markmiðum hjá okkur var að fegra og betrumbæta útisvæði krakkana. Við höfum alltaf haft vinnudag bæði á haustin og vorin sem foreldrar og kennarar taka þátt í. Því miður gátum við ekki haft vinnudaga á Covid tímanum.

Við náðum að halda vinnudag núna í vor sem var sérstaklega ánægjulegt. Við gátum meðal annars búið til afmarkað steina/grassvæði, búa til lítinn skóg og fínpússa leiksvæðið í heild.



Á Fiðraldadeildi var lögð mikil áhersla á fræðslu til foreldra og starfsfólks. Voru reglulega sendar út fræðslugreinar til þeirra m.a. um aga á Waldorfleikskólum, grunnurinum að Waldorf uppeldisfræði, útiveru og hreyfingu á Waldorf leikskólum og leikföng á Waldorf leikskólum. Vel var tekið í þessa fræðslu og hefur sú hugmynd komið upp að hafa námskeið í haust fyrir foreldra.

Það hefur verið lögð mikil áhersla að gæða sögustundir og voru starfsmenn sérstaklega ástríðufullir að hafa góðar sögustundir með börnunum. Þetta hefur heppnast mjög vel og eru börnin verið mjög áhugasöm og spennt fyrir

sögunum. Á waldorf leikskólum er sama sagan sögð í viku og mikið um endurtekningar til þess að börnin læri vel orð og hugtök sem tengjast sögunum.

Í daglega starfinu var lögð áhersla á að notkun síma væri í algjöru lágmarki inn á deildinni. Ábyrgðarmaður fyrir myndatökum er með síma og er hann bara notaður til að taka myndir (með leyfi foreldra) og hafa samskipti við aðrar deildir. Þetta hefur tekist vel og er starfshópurinn mjög samstíga með þetta.



Vettvangsferðir voru farnar reglulega, sérlega gaman var að fara í skóginn okkar í Öskjuhlíðinni. Þarna vorum við að klifra, tálga og upplifa náttúruna. Snemma í haust fórum við í Heiðmörk að tína ber, vinsælt var að fara í Laugarnesið í fjöruna að tína skeljar og steina. Við höfum líka verið að fara í Laugardalinn.

Í vor var farið í árlega sveitaferð. Ávallt er farið á Hvalfjarðareyri og bóndabærinn Miðdalur í Kjós er heimsóttur. Við fórum einnig á bókasafnið á námskeið um meðhöndlun bóka, kíktum á Ásmundarsafn og Þjóðminjasafnið þar sem börnin fengu fræðslu.

Síðasti punkturinn er viðhald á deild og gátum við meðal annars teiknað fugla og sett yfir veggskemmdir eins var búið til afmælistré sem fór upp á vegg. Það hefur verið sett upp hilla þar sem myndir barnanna eru geymdar. Þrif hafa verið sérstaklega mikil vegna Covid.

Umbótaáætlun næsta ár:

Við byrjuðum í vor með Eldathöfn og Vatnsathöfn. Markmiðið er að gefa börnunum tækifæri til að kynnast frumefnunum á þeirra forsendum. Við ætlum að halda áfram að safna söngvum og sögum tengdum frumefnunum fjórum. Þessu skilt er Kyndilmessan sem við fögnum í febrúar.

Á haust starfsmannafundi munum við meta árangurinn.

Annað verkefnið er að æfa okkur félagslega hvernig við viljum hafa samskipti á milli barnanna. Það kom upp ljótur orðaforði á deildinni og viljum við æfa okkur markvisst að nota virðingarfull samskipti. Ef barn segir eitthvað við annað barn sem það vill ekki á að bregðast við með því að nota aðferðina STOP- setja höndina fyrir fram - ég vil þetta ekki. Það er líka mikilvægt að æfa með börnunum ýmsa tækni til að tækla reiði og erfiðar tilfinningar, meðal annars öndunaræfingar og fleira.

Við metum það á deildarfundum og skoðum hvort þörf er á að fá faglega utanaðkomandi aðstoð.

Við höfum lagt áherslu að sögu barnsins, foreldrar fylla út eyðublað með upplýsingum um barnið fyrir leikskólagöngu, þannig að við getum fengið heildstæða mynd af barninu. Eins höfum við í gegnum foreldraviðtöl fengið gott samtal. Gott samstarf kennara og foreldra er ávallt mikilvægt hjá okkur. Við munum í næsta foreldraviðtöl spyrja hvernig foreldra hvernig þeir og börnin upplifi samskipti.

Eitt af markmiðunum er líka að nota stóran glugga á deildinni okkar og skreyta hann í samræmi við árstíðirnar. Við höfum gert klippi- og transparent myndir.

Það er kennari á deild sem heldur utan um verkefnið. Það er markmið að breytta mánaðarlega um mynd.

Við ætlum að halda áfram að kenna börnum að gefa og leggjum áherslu á að á hverjum föstudegi komi hvert barn með ávexti til að deila með hinum. Við metum hvað er mikil þáttaka og hvernig ávaxtakarfan er fyllt vikulega.

Við höfum lagt mikla áherslu á morgunstund en viljum þróa hana enn frekar. Á næsta ári verður líka lögð rík áhersla að búa til enn betri hrynjanda, flétta inn hreyfingu. Í samtali við börnin munum spyrja hvernig þeim finnst að vera í morgunstund.



Innra mat Regnbogadeildar



Almennt

Á Regnbogadeild starfa fjórir starfsmenn með fimmtán börn.

Á liðnu ári unnum við með kröftulegan og glaðlegan hóp af börnum fæddum 2015. Verkefnin sem við unnum voru fjölbreytt og mörg. Mikil hreyfipörf sýndi sig hjá sumum börnunum og jukum við því útiveru, gönguferðir og útikennslu eftir þörfum.

1. Fræðsla

Lögð var áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk á deildarfundum til að koma Waldorf hugmyndafræðinni enn betur inn í daglegt starf leikskólans.

Styrkleikar

Nýju kjarasamningarnir gáfu okkur meiri sveigjanleika með fleiri undirbúningstímum sem starfsfólkið gat nýtt sér til að fræða sig um Waldorf

uppeldisfræðina og við undirbúning vinnustunda. t.d. fyrir bývax, Waldorf vatnslitun, sögustundir, söngva og árstíðarbundið föndur.

Aukalega var unnið í starfsmannahandbókinni og ný sérkennslugögn voru búin til fyrir starfsfólk og fræðsla fyrir foreldra.

Fræðslan fyrir starfsfólkið bætti töluvert við gæðin í starfinu á deildinni okkar.

Tækifæri - tillögur til umbóta

Starfsfólk Regnbogans er mjög spennt að halda áfram að dýpka þekkingu sína í Waldorf uppeldisfræðum. Það er m.a. gert í undirbúningstímum, í gegnum innlegg á fundum, við lestur og á online námskeiðum.

Ábyrgð: Allt starfsfólk Regnbogans.

Tími: Allt árið.

Mat : Símat.

2. Vinna á deild

Vinnan á deildinni er sterklega tengd árstíðunum og er byggð á hrynjanda dagsins, vikunni og á hátíðum yfir árið.

Við byrjum hvern dag á morgunhring. Við sitjum saman í hring og syngjum árstíðarbundna söngva, bjóðum hvort öðru góðan dag og tengjumst inn í daginn. Þar á eftir fáum við okkur morgunhressingu.

Eftir morgunhressingu eru listrænar vinnustundir:

1. Mánudagar: Vatnslitun.
2. Þriðjudagar: Bývax.
3. Miðvikudagar: Árstíðarbundið föndur með náttúrulegum efnum, s.s. þæfð ull, spýtum, greinum, skeljum.
4. Fimmtudagar: Vettvangsferðir.
5. Föstudagar: Þrif og forskólavinna.



Við förum almennt út tvisvar á dag yfir allt árið. Á sumrin njótum við enn meiri útiveru þegar þannig viðrar fyrir frjálsan leik, útikennslu og vettvangsferðir.

Sögustund er daglega eftir hádegismat. Hún er mikilvægt innlegg fyrir ímyndunarafl barnanna, málörvun og félagsfærni.

Sögð er árstíðarbundin saga í tvær vikur í senn. Einnig er sýnt brúðuleikhús með handgerðum brúðum.

Í frjálsum leik í eftirmiðdaginn er alltaf boðið upp á að taka þátt í listrænu föndri eða í daglegum verkum, s.s. að undirbúa drekkutímann, smyrja brauð, skera ávexti, brjóta saman þvott og þar fram eftir götunum.

Fyrir eftirmiðdagshressingu er söngstund. Þá er sungið, unnið með hrynjanda, hringleiki og jafnvel hljóðfæri dregin fram. Flesta daga endum við í frjálsum leik úti.

Styrkleikar

Við leggjum áherslu á góð gæði í morgunhring, í samverustundum og í daglegu starfi.

Mikil gleði og málörvun fer fram í morgunhring og í samverustundum. Sömu söngvarnir eru notaðir í tvær til fjórar vikur og það sýndi sig að það hafði sérstaklega jákvæð áhrif á málörvun hjá tví/fjöltýngdu börnin.

Í Waldorf uppeldisfræðinni er lögð mikil áhersla á að starfsfólk sé vinnandi fyrirmyndir. Unnið er með hefðbundin störf daglegs lífs bæði inni og úti og störf tengd árstíðunum. Börnin taka virkan þátt í störfunum eftir aldri og getu.

Markmiðið er að gera dagsverkin okkar sýnileg og að starfsfólk sé meðvitað um hvað það gerir hverju sinni og af hverju. Allt á að hafa tilgang. Verkefnin skila sér svo út í barnahópin og til leikskólans, útisvæði og nærumhverfi er fegrað, leikföng búin til, smíðað, sópað, gróðursetningu og umhirða blóma og trjáa, ræktun grænmetis til matargerðar svo eitthvað sé nefnt. Barnahópurinn var mjög áhugasamur að taka þátt í daglegum störfum og fengu sérstaklega mikla ánægju á vorverkunum sem fólust í sáningu fræja og ræktun.

Listræna vinnan á deildinni okkar var fjölbreytt.



Regnbogadeildin var vel mönnuð sem gaf okkur tækifæri til að deila hópnum í smærri hópum og bjóða upp á fleiri fjölbreyttari verkefni samtímis m.a. fingraprjón, prjón með prjónagöflum, vefnað, vinnu með leir og sand, ull/pæfingu og tálgun í útikennslurými skólans.

Tækifæri - tillögur til umbóta

Við viljum dýpka skilning og fræðslu starfsfólksins um mikilvægi starfsfólksins um vinnandi fyrirmyndir sem mun leiða til þess að börnunum þyki eftirsóknarvert að herma eftir.

Deildarstjóri Regnbogans mun halda fyrirlestur á starfsmannafundi þess efnis og á deildarfundum verður leitað að nýjum verkefnum sem hægt er að vinna með börnunum.

Við viljum efla þátttöku allra starfsmanna í árstíðarbundnum verkefnum í eftirmiðdaginn og skapa betri strúktur um vinnuna tengt því.

Ábyrgð: Allt starfsfólk Regnbogans.

Tími: Allt árið.

Metið: Símat. Einnig verður lögð inn stutt kynning um árstíðarbundin verkefni á mánaðarlegum deildarfundum frá ágúst 2021. Út frá þeim velur hver starfmaður sér verkefni til að vinna með börnunum. Á næsta fundi er svo litið til baka og skoðað hvað gekk vel og hvað má bæta.

Útitímar

Tækifæri - tillögur til umbóta

Betra skipulag fyrir vinnu og leiki með krökkunum úti.

Á starfsmannafundum verður kynnt árstíðarbundin verkefni sem börn og starfsfólk geta unnið saman úti. Skipulagðir leikir verða einnig í boði, til að efla þroska barna.

Leikirnir verða byggðar á að efla málþroska, félagsþroska, sköpunargáfu, tilfinningaþroska, siðferðisþroska, rökþroska og hreyfiþroska. Á fundunum verður verkefnum skipt á milli starfsmanna.

Ábyrgð: Þrír starfsmenn Regnboga og Fiðrildardeildar.

Tími: Allt árið.

Metið: Símat, á fundum ábyrgðaraðila og á starfsmannafundum.

3. Samstarf við eldhúsið

Við jukum samstarfið við eldhús og skólaskrifstofu sem var mjög skemmtilegt, lærdómsríkt og vinsælt meðal barnanna.

Daglega fór hópur af börnum með uppvaske og lífrænan úrgang yfir í eldhúsið. Þar tóku kokkarnir á móti okkar, útskýrðu matseðil dagsins og kenndu börnunum um japönsku aðferðina “bokashi” sem er notað hér í skólanum til að endurvinnna lífrænan úrgang. Börnin settu matarafganga í endurvinnslutunnuna, söfnuðu safanum úr tunnunni sem varð að næringu fyrir blómin og á 2-4 vikna fresti hjálpuðu börnin til að setja endurunnu moltuna út í garðinn og í matjurtarbeiðin. Að auki hjálpuðu börnin kokkunum að tína hundasúrur og fífla fyrir matinn og taka upp kartöflur sem dæmi.

Eftir eldhúsheimsóknina var stoppað við á skrifstofunni og sungið fyrir leikskólastjóran og starfsfólkið þar. Vegna covid gátu börnin einungis sungið í eitt skipti fyrir eldri borgara hjúkrunarheimilisins í Sóltúni, svo við æfðum okkur í söng í skrifstofunni í staðinn.



Styrkleikar

Við viljum halda áfram á næsta ári með samstarfið við eldhúsið því börnin sýndu því mikinn áhuga. Þar læra þau um umhverfisvænar aðferðir við nýtingu matar, sjálfbærni og mikilvægi þess að huga vel að umhverfi okkar sem okkur þykir gott og mikilvægt veganesti inn í framtíðina.

Tækifæri - tillögur til úrbóta

Þegar covid leyfir myndum við gjarnan vilja sjá börnin taka enn meiri þátt í matargerð eða öðrum verkefnum tengt eldhúsinu.

Ábyrð: Deildastjóri og kokkar.

Tími: Allt árið.

Metið: Símat.

4. Samstarf milli þriggja elstu deildanna

Stjörnuloft, Fiðrildadeild og Regnbogi héldu nokkrum sinnum yfir árið sameiginlegar samverustundir í formi morgunstundar eða athafnar. Við héldum m.a. vatnathöfn og eldathöfn.

Slíkar stundir vöktu mikla kátínu meðal barnanna og munum við halda áfram með sameiginlegar athafnir á mánaðar fresti þar sem frumefnin verða m.a. heiðruð.

Að auki skiptust deildirnar þrjár á að bjóða hver annarri í brúðuleikhús inn á deild.

Ábyrgð: Deildarstjórar Stjörnulofts, Fiðrildadeildar og Regnboga.

Tími: Allt árið.

Metið: Símat og á deildarstjórafundum.

5. Vettvangsferðir

Fimmtudagar voru eyrnamerkir vettvangsferðum hjá okkur.

Vettvangsferðirnar eru tengdar náttúrunni og menningu. Skógurinn í Öskjuhlíð var vinsæll viðkomustaður hjá okkur, fjaran, lista- og menningarsöfnin í Reykjavík og nágrenni og Húsdýragarðurinn sem dæmi. Langir göngutúrar í nærumhverfinu voru líka vinsælir sérstaklega þegar ekki var leyfilegt að ferðast með strætó þegar covid var sem mest.

Styrkleikar

Vikulegar vettvangsferðir voru nýttar til að efla tengsl barnanna við hvert annað, skoða nærumhverfið og koma á meiri hreyfingu.

Við kenndum þeim umferðarreglurnar og börnin byrjuðu að þekkja umhverfið í grennd við leikskólann betur og fræðast um bæinn sinn, t.d. með því að læra bæjarheiti og örnefni sem urðu á vegi þeirra.

Vettvangsferðirnar eru góð tilbreyting frá afgirtu leikskólaumhverfinu og barnið upplifir sig frjálsara. Þannig verður viðfangsefnið áhugaverðara og meira spennandi. Börnin fá tækifæri til að kynnast nærumhverfi sínu og náttúrunni, með því að nota öll skynfæri sín þ.e. lykta, bragða, horfa, hlusta og snerta, sem er stór partur af Waldorfs uppeldisfræðinni. Gönguferðirnar hafa gengið vel og voru farnar margar langar og skemmtilegar.





Tækifæri - tillögur til umbóta fyrir 2021/22

Vegna Covid var ekki jafn mikið um vettvangsferðir og hefur verið fyrri ár. Við vonumst því til að geta hafið þær aftur af fullum krafti og einnig að fara oftar í sameiginlegar vettvangsferðir með 1. bekk grunnskólans.

Ábyrð: Allt starfsfólk Regnbogans er að safna hugmyndum fyrir nýjar vettvangsferðir og deildastjórinn mun vera í tengslum við kennara 1. bekkjar varðandi sameiginlegar ferðir.

Tími: Allt árið.

Metið: Símat og á deildarfundum. Metið verður hvernig gengur almennt. Hegðun og líðan barnanna í ferðunum. Nýjir áfangastaðir skoðaðir.

Breyting á vikudögum fyrir vettvangsferðir frá fimmtudegi til miðvikudags.

Í gegnum þessa breytingu munum við vinna árstíðarbundnu vinnuna aukalega í morgun- og eftirmiðdagsvinnustundunum. Á fimmtudögum hefjum við bakstur. Börnin baka þá sjálf brauð sem þau borða með fimmtudagssúpunni.

Ábyrð: Deildastjóri mun tilkynna breytingar sem taka gildi í ágúst.

Tími: Allt árið.

Metið: Símat.

6. Samstarf og stuðningur þjónustumiðstöðvar

Við unnum með hegðunarráðgjafa og sálfræðingi frá þjónustumiðstöðinni.

Útbúin var einstaklingsnámskrá fyrir fjögur börn, sem við gátum einnig nýtt okkur að hluta til fyrir allan barnahópinn.

Styrkleikar

Við unnum m.a. með félagsfærni, hvernig við getum studd börnin í frjálsum leik. Hjálpuðum þeim að æfa sig að segja nei, setja mörk og að virða nei og mörk annarra.

Starfsmaður bjó til spil fyrir sérkennslu og sagðar voru sögur sem sýndu hvernig hægt væri að bregðast við óþægilegum tilfinningum (reiði, ótti, feimni, óþolinmæði) og finna lausnir þegar barni líður ekki vel. Þessi vinna hafði jákvæð áhrif á barnahópinn og samskiptin þeirra á milli. Umræður sköpuðust hjá börnunum og kærleikur og samkennd jókst.

Tækifæri - tillögur til umbóta

Við munum halda áfram þessari vinnu á næsta ári.

Markmið er að mæta þörfum barnanna, styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfstæði og efla hæfni til félagslegra samskipta.

Ábyrgð: Allt starfsfólkið, sérkennslukennari.

Tími: Allt árið.

Metið: Á deildarfundum og á fundum með hegðunarráðgjafa/sálfræðingi.

7. Forskólavinna - útskriftarleikrit elstu barnanna



Á hverju ári sýna elstu börnin lítið útskriftarleikrit fyrir foreldra sína og leikskólabörnin. Börnin bjóða foreldrum sínum til lítillar veislu eftir sýningu þar sem börnin fá einnig afhent útskriftargjöf frá leikskólanum.

Undirbúningsferlið er umfangsmikið og fjölbreytt og breytilegt milli ári. Sagan í ár var samin af deildarstjóra og lagast að persónuleika barnanna.

Sagan er fyrst sögð í sögustund í tvær vikur áður en börnin vissu að hún yrði að leikritinu. Hugmyndin var að þau myndu kynnst sögunni áður en þau fengu að velja sér hlutverk. Börnin búa sjálf til búningana eftir sínum hugmyndum, áhuga og getu og er foreldrum líka velkomið að aðstoða við búningagerðina heima. Í ár voru börnin sérstaklega hugmyndarík og skapandi og ríkti mikil gleði og samvinna við búningagerðina.

Tækifæri - tillögur til umbóta

Fjöldi útskriftarbarna hefur vaxið síðastliðnu tvö ár svo þörf er á að finna eða semja nýja sögu sem gefur öllum börnunum tækifæri á að fá hlutverk við sitt hæfi.

Búningargerðin er tímafrek og vegna fjöldi útskriftarbarna á næsta ári er betra að byrja fyrr og virkja alla starfsmenn í þá vinnu svo börn og starfsfólk fái sem mest út úr samvinnunni.

Ábyrgð: Deildastjóri og starfsfólk deilda með útskriftarbörn.

Tími: Vor og sumar.

Metið: Á deildafund í maí og júní.



UMBÓTAPÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Að hverju er stefnt? Auka waldorf fræðslu og fag-mennsku. Starfsfólk notar m.a. undirbúningstíma sinn í að lesa sér til um stefnuna. Hjá okkur er ágætis bókakostur um hana. Reyndir waldorfkennarar benda á gott fræðsluefni. Einnig er starfsmönnum bent á fyrirlestra á netinu. Jafnframt er kennarar hvattir til að fara á námskeið í Olso (Oslokúrs)	Hvernig framkvæmum við það? Fræðsla á starfsdögum og starfsmannafundum. Hvetja starfsmenn til að fara á námskeið.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir: Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Á stjórnar- deildarstjóra og starfsmanna- fundum	Viðmið er gæða- lýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Halda í og auka vinnugleði. Efla samstarf	Leynivinaleikur jóláhlaðborð, grill	Skemmtinefnd/ stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Á starfsmanna- fundum	Mælan- Lítill starfs- manna velta
	Bæta mætingar	Vinnuvernd, vinna með mannauðs- ráðgjafa. Starfsmenn semja saman viðverustefnu	Stjórnendur/ mann- auðsráðgjafi.	Haut 2021	Vor 2022	Metið á stjórnarfundum. Gögn yfirfarin.	Fækka fjar- vistum
Uppeldis- og menntastarf	Endur-menntun starfs-manna	Á þriggja vikna fresti á starfsmanna- fundum. Hvetja	Stjórnendur Deildarstjórar	Haut 2021	Vor 2022	Metið á stjórnar- fundum Deildarstjóra- fundum	



starfsmenn að sækja fagnámskeið.				Starfsmanna-fundum Deildarfundum			
		Námskeið um tvítyngi , framhald, (MML) Agi í waldorfskólum, Tempramentin fjögur, þæfing, kennsla í að búa til brúður, sögustund, málun, fingraleikir,					
Mannauður/ Leikskóla- bragur	Ráða hæfasta starfsfólkið hverju sinni sem hefur brennandi áhuga á waldorf-stefnunni	Gera vinnustaðinn eftirsóttann fyrir fagfólk. Vera trú stefnunni.	Stjórnendur/stjórn leikskólans	Haut '21	Vor '22	Metið á stjórnar og deildarstjóra og deildarfundum	Viðhorfs-könnun Mælan-leg starfs-ánægja.
	Hvetja áhugasama starfsmenn til að mennta sig sem waldorfkennara						
	Fimm starfsmenn eru að auka við menntun sína ýmist sem waldorfkennarar eða í gegnum HÍ.						

Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.	Stjórnandi og deildarstjórar fara yfir þörf sérkennslu á deildarstjórafundum. Á þeim er sérkennslan skipulögð. Hver deild undir
---	---



Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	handleiðslu deildarstjóra, útfærir hana. Bæði er unnið einstaklingslega og í hóp. Deildarstjóri ásamt stjórnanda bera ábyrgð á vinnunni.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Við vinnum ekki með matsgögn, en ef á þarf að halda leitum við til þjónustumiðstöðvar sem framkvæmir ýmsar athuganir fyrir okkur.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Margskonar orðaforðaspil voru bæði keypt og útbúinn í leikskólanum, gögn frá talmeinafræðingum.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka skráningar	Útbúa skráningar- og matsblöð	Stjórnandi /deildar- stjóri	Ágúst 2021	Haut 2022	Símat á deildarstjóra-og deildarfundum	Að allar deildir hafi tileinkað sér skráningar eftir árið.

Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagninu er deilt niður á fjöltyngdu börnin í leikskólanum. Keypt voru m.a. málörvunarnámsefni. (spil, brúður o.fl.
---	---

	Deildarstjóri á hverri deild fyrir sig skipuleggur málörvunina. Unnið er út frá stöðu barnanna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er daglega með grunnorðaforða barnanna. Er það gert með endurtekningu í sögum, söngvum, vísum, fingraleikjum, spilum. Kennarar vinna markvisst með Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Sama sagan er sögð daglega í eina til þrjár vikur. Í þeim er notaður fjölbreyttur orðaforði. Unnið er með margskonar málörvunarleiki, sem hafa verið sérsniðnir að hverjum hóp. Les- og samverustundir eru nýttar til að dýpka orðaforða t.d. með því að útskýra og ræða um orð og hugtök.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Á elstu deildunum er gerð einstaklingsáætlun, þær eru reglulega uppfærðar á deildarfundum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Rík sögu, vísna, rýmna og frásagnar hefð er í leikskólanum. Unnið er markvisst með alla þætti tungumálsins út frá þeim. Unnið er með tilfinningar m.a. út frá félagsfærnisögum sem fjalla um ákveðið vandamál sem börnin leysa í sameiningu. Auk þess eru spiluð tilfinningaspil og farið í margskonar leiki sem reyna á og æfa félagsfærni.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



	Mennta starfsfólk.	Fá inn meiri fræðslu frá MML.	Stjórnandi.	Haut 2021	Vor 2022	Símat á deildarfundum.	Að fjölt. börnin nái góðum tókum á málinu.
--	--------------------	-------------------------------	-------------	-----------	----------	------------------------	--

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í vor. Viðtölin voru þannig uppsett að starfsfólk fékk umræðupunkta sem tengjast bæði samskiptum á vinnustaðnum og starfinu, afhenda á starfsmannafundi. Stjórnandi hvatti til að starfsfólk tæki sér góðan tíma til að hugleiða þá og kæmi vel undirbúið í viðtalið. Starfsfólk fær tækifæri til að skoða sjálfan sig, væntingar sínar, samskipti innan deildar og í leikskólanum. Gefin var klukkustund í hvert viðtal.

Helstu áherslur sem komu fram í viðtölunum voru:

Starfsfólk var almennt ánægt í vinnu, flestum fannst starfsandinn hafa batnað til muna eftir að starfsmannafundirnir byrjuðu að nýju, allir finna fyrir stuðningi og virðingu frá samstarfsfólki.

Starfsmenn töluðu um að þeir fyndu ekki fyrir óeðlilegu álagi í vinnu en þó væru álagspunktur t.d. þegar verið væri að klæða í útiveru og þegar aðrir starfsmenn væru mikið frá eða mættu seint til vinnu.

Í vetur var ekki mikið um utanaðkomandi fræðslu vegna covid-19. En við nýttum okkur þá reynslumiklu waldorffuppeldismenntuðu starfsmenn sem starfa í leikskólanum. Frá því í október voru starfsmannafundir á þriggja vikna fresti. Þá er alltaf fræðsla um ákveðið efni s.s. um hornsteina waldorf, fyrirmynd, eftirhermu, mikilvægi frjálsa leiksins og hrynjandann og mikilvægi vatnsins út frá frumaflinu. Einnig fengum við innsýn inní skapgerðirnar fjórar

(temperamentin) sem auðveldar okkur að vinna betur og skilja hvert og eitt barn og einstaklinginn út frá hugmyndafræði Rudolfs Steiners.

Auk þess fengum við inn fyrrestur um tvítýngi frá MML. Fræðslan á eftir að nýttast okkur vel þar sem um helmingur barnanna á Sólstöfum er tví eða þrítyngdur.

Einnig fóru tveir starfsmenn á námskeið hjá HÍ. *Samtal um fagið fyrir starfsmenn af erlendum uppruna.*

Stjórnandi fór á námskeið hjá Endurmenntun HÍ. *Erfið starfsmannamál.*

Nokkrir starfsmenn fóru á námskeið á netinu á vegum Heimilis og skóla *um skýjanotkun barna.*

Foreldrasamvinna

Waldorf hugmyndafræðin byggir m.a. á öflugum og góðu foreldrasamstarfi. En eins og gefur að skilja hefur það verið í algjöru lágmarki síðan COVID-19 tók yfir. Til að nálgast foreldra hafa kennarar deildanna, með skriflegu samþykki foreldra, haldið úti öflugum facebook síðum með myndum úr starfinu. Foreldrar hafa verið mjög þakklátir með að fá innsýn í starfið í gegnum síðuna.

Til að foreldrar gætu verið þátttakendur í aðventuhátíðinni okkar streymdum við beint frá henni.

Engu að síður teljum við að vel hafi gengið að tengjast foreldrum í gegnum síma, myndsímtöl, tölvupósta og á lokaðri facebooksíðu.

Fyrir foreldraviðtölin var foreldrum gefin kostur á að koma í viðtal í leikskólann eða að viðtalið færi fram í gegnum síma.

Áhersla var lögð á að senda fréttabréf á þriggja vikna fresti og deila myndum vikulega á lokuðum facebooksíðum til að gefa foreldrum innsýn í lífið og starfið í leikskólanum.

Þegar foreldrar sækja um í leikskólann fá þeir sendan kynningarbækling um hann í tölvupósti. Þeim er einnig boðið í heimsókn til að skoða leikskólann. Stjórnandi eða reynslumikill waldorfkennari sýna foreldrum leikskólann og segja frá starfinu og stefnunni.

Áður en börn byrja á leikskólanum að hausti er foreldrum boðið á sameiginlegan kynningarfund. Á honum er m.a. farið yfir stefnuna og starfið, deildarstjórar kynntir og deild barnsins skoðuð. Auk þess skrifa foreldrar undir pappíra og velja vistunartíma.

Allir foreldrar barna leikskólans eru í foreldrafélaginu. Tveir foreldrar af hverri deild er í stjórn félagsins og tveir foreldrar innan stjórnar eru í foreldraráði. Foreldrafélagið stendur fyrir sameiginlegum uppákomum, eru styðjandi í basarvinnu, vinnudögum og sumarhátíðinni.

Tækifæri til umbóta

Á næsta skólaári getum við vonandi haldið aftur foreldrafundi og viðtöl í raunheimum og boðið foreldrum á hátíðir í leikskólanum og á sameiginlega vinnudaga. Mun það auka og bæta foreldrasamstarfið og skapa tengingu milli heimilis og leikskólans

Ábyrgð: Allir deildarstjórar og stjórn leikskólans.

Tími: Allt árið.

Metið: Í foreldraviðtölum, á deildastjórafundum og í gegnum foreldrakannanir.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

16.09.	Heimsókn í lífsleikni / Mikjálsmessu	Öskjuhlíð	Kennarar Regnbogad. og 1. bekkjakennari
11.11.	Luktarhátíð / syngja fyrir utan hjúkrunarheimilið í Sóltúni	Sóltún 1	Kennarar 1. og 2. Bekkjar, deildarstjórar þriggja elstu deildanna.
8.02.	Þorrahátíð	Sóltún 6	Allir deildastjórar
29.05.	Sumarhátíð Sólstafa	Sóltún 6	Allt starfsfólk skólans og leikskólans
21.05.	Sveitaferð	Miðdal í Kjós	Deildastjórar þriggja elstu deildanna og 1. bekkjar-kennari
	Heimsókn í skólann	Sóltún 6	Deildastj. Regnboga og 1. bekkjarkennari
15.06.	Útskrifatarleikrit leikskólans	Sóltún 6	Deildastj. Regnboga og 1. bekkjarkennari

Á vordögum þegar afléttingar tóku gildi boðuðum við til vinnudags í leikskólagarðinum. Þetta var á fallegum laugardegi og voru margir glaðir foreldrar, börn og starfsmenn sem mættu og unnu saman í garðinum.

Sumarhátíð Sólstafa skólanna var haldin í lok maí á fallegum sólardegi. Foreldrar, börn og starfsmenn áttu saman góðan dag og ríkti mikil gleði í hópnum.

Fjölskyldur mættu með nesti og teppi og komu sér fyrir á góðum stað á skólalóðinni. Á dagskránni var margt skemmtilegt s.s. krakkahestar, bangsaleikur, börnin áttu að hitta bolta í bangsa og gátu síðan valið sér einn til

eignar, sápuúlur og andlitsmálning. Auk þess vorum við með sölu á afleggjurum, sem foreldrar komu með til okkar, ágóðinn verður notaður til að fjármagna framkvæmdir á leikskólalóðinni.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal



Fylgigögn

Fylgiskjal 1

Dagskrá Sólstafa 2021 - 2022

Ágúst :

- **Þriðjudagur 3.ágúst - Starfsdagur**, Leikskólinn opnar: Miðvikudagur 4.8.
- **Föstudagur, Berjadagur: 27. ágúst**

September:

Laugardaginn, 4. september- Vinnudagur - Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.

Fimmtudagur, 9. september - Foreldrafundur

Miðvikudagur/ Fimmtudagur, 22./23. september– Elstu börnin fara í heimsókn í drekaleikinn

Miðvikurdagur, 29. september - Mikjálsmessa - uppskeruhátíð á leikskólanum.

Við bökkum drekabrauð og eldum drekasúpu. Tökum upp kartöflur, Mikjálssögustund og hauststemning.

Nóvember

Laugardagur, 6.nóvember: Jólabasar

Fimmtudagur , 11. nóvember: Martinsmessa /Luktarganga :

Við bökkum brauð til að bjóða vegfarendum, svo verður Martinssögustund. Leikskólinn lokar kl. 16.00.

Föstudaginn, 26. nóvember kl. 9:00 - Aðventuhátíð



Desember

Föstudaginn. 17.desember Jólaball -Börnin skreyta jólatré, syngja svo og dansa í kringum það.

Leikskólinn er lokaður frá 23.desember til 3.janúar.

Starfsdagar 28. – 29. – 30. desember og 3. Janúar 2022

Leikskólinn opnar aftur á þriðjudaginn 4. janúar

Janúar

- **Mánudagur 3. janúar – Starfsdagur**
- Elstu börnin okkar fara í heimsókn í Waldorfskólann í Sóltún.
- **Mánudaginn, 31. janúar Starfsdagur** – leikskólinn lokaður

Febrúar

Fimmtudaginn 10. febrúar - Foreldrafundur

Föstudaginn 11. febrúar- Þorrahátíð á leikskólanum.

Á matseðlinum eru heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.

Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.

14.- 28. febrúar- Foreldraviðtöl

Opið hús - Waldorfskólinn Sólstafir, Sóltún 6

Mánudaginn, 28.2. Bolludagur.

Mars

Þriðjudaginn, 1. mars Sprengidagur.



Miðvikudaginn, 2. mars Öskudagur/ Grimuball á leikskólanum

Apríl

- **Miðvikudaginn , 13. apríl** Páskakaffi fyrir foreldra og börn.
 - Ath. Leikskólinn lokar kl. 16 þennan dag
- **Páskafrí 14.- 18. apríl** Leikskólinn opnar aftur þriðjud. 19.04.
- **Fimmtudaginn, 21. apríl** - Sumardagurinn fyrsti. Leikskólinn er lokaður.

Maí

- **Sveitaferð** í Miðdal í Kjós fyrir elstu börnin
 - Lagt af stað k.l. 9.30 og farið með rútu. Farið í fjöru og síðan grillað í Miðdal.

Komið heim um kl. 14.30. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.

- Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat. (Dagsetning ákveðin síðar)
- **Laugardagur, 14. maí** - Vinnudagur
Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- **Fimmtudaginn, 26. maí** - Uppstigningardagur, Leikskólinn lokaður

Júni

- **Miðvikudaginn, 1. júní Sumarhátíð Sólstafa** í Waldorfskólanum, Sóltún 6.
Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir, grill ofl.
- **Föstudaginn, 3. júní Hvítasunnuhátíð** á leikskólanum
- **5./ 6. júní Hvítasunna**, Leikskólinn lokaður

- **Fimmtudaginn, 17.6. Þjóðhátíðardagur. Leikskólinn er lokaður.**

Sumarfrí á leikskólanum er frá 24. júní til 2. ágúst

Starfsdagur 2. ágúst- leikskólinn lokaður.

Leikskólinn opnar aftur miðvikudagur. 3. ágúst



Barnaskoðun - Hvernig horfum við á barnið

1. Fortið

Foreldrar, fjölskylda, proskaferill, sjúkdómar, æviferill

2. Líkaminn

Hreyfing – hvernig hreyfir barnið sig ?

Hreyfing – gróf og fín hreyfingar

Tungumál

Sálin, hugsun, vinna, vilji

Skynfærin

Tengsl við umhverfið

Hvernig mætir barnið öðru fólki ?

Hvaða skilaboð sendum við barninu?

3. Hvers óskum við barninu ?

4. Hvernig ýtum við undir óskir okkar?



Starfsáætlun 2021 – 2022

Waldorfleikskólinn Sólstafir

Umsögn foreldraráðs

Við, undirritaðar höfum lesið starfsáætlun komandi starfsárs fyrir Waldorsleikskólann Sólstafi í Sóltúni 6.

Áætlunin endurspeglar meðal annars hversu vel hrynjandi tengdur deginum og árinu heldur utan um börnin og hvernig söngvar, sögur, handverk, hefðir og hátíðir styðja við hann.

Þessi hrynjandi gefur börnunum öryggi sem hefur áhrif á líðan þeirra dag frá degi og heldur utan um starfið á fallegan hátt.

Samstarfs starfsmanna og foreldra hefur verið með besta móti. Líkt og á síðasta ári var ekki hægt að halda marga viðburði í vetur sem foreldrar gátu tekið þátt í vegna Covid-19. Hins vegar með vormánuðum skánaði ástandið og náðist meðal annars að halda tvo, einstaklega vel heppnaða vinnudaga. Þar komu saman foreldrar, börn og starfsfólk og var afraksturinn virkilega skemmtileg betrubót á útisvæði, leiktæki máluð, göngustígar lagðir, svæðum skipt betur upp, ásamt því að blómum og trjám var plantað á svæðinu. Í lok maí var einnig haldin sumarhátíð, þar sem foreldrar, börn og starfsfólk komu saman og áttum saman yndislega stund, með leikjum, nesti og fleiri uppákomum. Eins hefur verið mikill metnaður í grænmetisræktun sem börnin taka þátt í og er það virkilega skemmtilegt og fróðlegt fyrir þau. Sérstaklega þegar kemur að uppskerunni í haust.

Þrátt fyrir miklar breytingar og stöðugt nýjar áskoranir vegna Covid-19 þá hefur tekist vel að halda sterkum hrynjanda í starfinu, halda dagsskipulaginu, vikuáætlunum með tilheyrandi útiveru og stuttum ferðum fyrir eldri börnin og fagna árstíðunum líkt og einkennir Waldorfstefnuna.

Fyrir hönd foreldrafélagsins

Stefanía Helga

Sólveig Nielsen

sola.nielsen@gmail.com

Reykjavík 22. Júní 2021





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M		1 M	Fullveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ	Sprengidagur	1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M	Sumarhátíð Sólstafa
2 M	Frídagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M	Öskudagur	2 L		2 M		2 F	
3 Þ	Starfsdagur	3 F		3 S		3 M		3 F		3 M	Starfsdagur	3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Hvítasunnuhátíð
4 M	Leikskólinn opnar aftur	4 L	Vinnudagur	4 M		4 F		4 L		4 Þ	Leikskólinn byrja aftur	4 F		4 F		4 M		4 M		4 L	
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur
6 F		6 M		6 M		6 L	Jólabasar	6 M		6 F	Þrettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M		7 M		7 F		7 L		7 Þ	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F		8 S		8 M	
9 M		9 F	Foreldrafundur	9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F	Foreldrafundur	10 F		10 S	Pálmásunnudagur	10 Þ		10 F	
11 M		11 L		11 M		11 F	Martinsmessa	11 L		11 Þ		11 F	Þórrahátíð	11 F		11 M		11 M		11 L	
12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómannadagurinn
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 S		13 S		13 M	Páskakaffí	13 F		13 M	
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	Foreldrarviðtöl til 28.02.	14 M	Dagur stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L	Vinnudagur	14 Þ	
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M		16 M		16 L		16 M		16 F	
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F	Jólaball	17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S	
20 F		20 M		20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F		20 M	
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagur	21 M		21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ	
22 S		22 M	Heimsókn drekaleikinn	22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M	
23 M		23 F	Heimsókn drekaleikinn	23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F	
24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F	siðasta leikskóladaginn
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M		25 L	
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F	Aðventuhátíð	26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S	
27 F	Berjadagur	27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F		27 M	sumarfrí til 02.ágúst
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M	Bolludagur	28 M		28 F		28 L		28 Þ	Starfsdagur 02. ágúst
29 S		29 M	Mikjálsmessa	29 F		29 M		29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M	Leikskólinn opnar 03.ágúst
30 M		30 F		30 L		30 Þ		30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M	Starfsdagur			31 F				31 Þ			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.